

Reykjavík, 26. febrúar 2016

Efni: Álit Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2015 til innanríkisráðherra

Vísað er til álits Samkeppniseftirlitsins nr. 2/2015, dags. 22. október síðastliðinn. Álitinu var beint til innanríkisráðherra í framhaldi af kvörtun Wow Air til Samkeppniseftirlitsins vegna úthlutunar afgreiðslutíma á Keflavíkurflugvelli.

Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að fyrirkomulag við úthlutun afgreiðslutíma á Keflavíkurflugvelli raskaði samkeppni, til tjóns fyrir viðskiptavinum, keppinauta í áætlunarflugi og samfélagið allt. Eftirfarandi tilmælum var beint til innanríkisráðherra:

1. gr.

Að ráðherra beiti sér fyrir tafarlausum aðgerðum sem miði að því að draga úr þeim samkeppnishindrunum sem skilgreindar hafa verið í álitinu þessu. Við þær aðgerðir verði hagsmunum almennings af virkri samkeppni í áætlunarflugi gefinn forgangur.

2. gr.


Liður í aðgerðum samkvæmt 1. gr. er m.a. að sjá til þess að skilgreining Keflavíkurflugvallar sem flugvallar með skammtaðan afgreiðslutíma verði tekin til endurskoðunar í samræmi við álitisorð í álitinu nr. 1/2015. Verði ekki breyting á skilgreiningu flugvallarins er því beint til innanríkisráðherra að hann beiti sér fyrir setningu staðbundinna leiðbeinandi reglna um samkeppnissjónarmið sem samræmingarstjóri hafi til hliðsjónar við úthlutun afgreiðslutíma.

Félag atvinnurekenda telur afar brýnt að stjórnvöld beiti sér til að tryggja virka samkeppni á flugmarkaði. Stutt er síðan Efnahags- og framfarastofnunin, OECD, hvatti íslensk stjórnvöld til að ganga harðar fram til að tryggja samkeppni og styðja betur við samkeppnisyfirvöld. Úthlutun afgreiðslutíma í Keflavík var eitt þeirra dæma sem stofnunin tiltók sérstaklega.

Í ljósi þess að engin viðbrögð við álitinu eða tilmælum Samkeppniseftirlitsins hafa komið frá ráðherra eða ráðuneytinu opinberlega leyfir Félag atvinnurekenda sér að spyrja:

- Hefur ráðherra beitt sér fyrir aðgerðum til að draga úr samkeppnishindrunum við úthlutun afgreiðslutíma á Keflavíkurflugvelli?
- Ef svo er, til hvaða aðgerða?
- Ef ekki, hvers vegna ekki?

Með vinsemd og virðingu,



Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA